

Ár 2014, föstudaginn 9. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 63/2014**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. janúar 2014, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 29. janúar 2014. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. febrúar 2014, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 25. mars 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. mars 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 30. apríl og 9. maí 2014.

II.

Málsatvik.

Fyrir liggur skjal sem prentað hefur verið út af „Mínum síðum“ sóknaraðila hjá varnaraðila þann 28. október 2013. Um er að ræða skjal með stöðu láns eftir endurreikning. Staða láns nr. X var kr. -175.535.

Þann 14. mars 2013 voru kr. 175.535 greiddar inn á reikning í nafni sóknaraðila. Þann 18. mars 2013 millifærði sóknaraðili af reikningnum og var hann eyðilagður í kjölfarið.

Þann 28. október 2014 óskaði sóknaraðili eftir endurreikningi láns hans hjá varnaraðila FF, en það fyrirtæki hefur nú verið sameinað varnaraðila. Þann 29. október 2014 hafnaði varnaraðili frekari endurreikningi.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 29. janúar 2014.

III.

Umkvörtunarefni.

Á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar stendur eftirfarandi undir liðnum kröfur: „Vísu í meðfylgjandi gögn“. Ekki er fyllt út í kafla um það yfir hverju sé kvartað eða hver rökstuðningur fyrir kvörtun sé.

Meðfylgjandi texti fylgdi með kvörtun sóknaraðila: „Ég undirritaður, M, óska hér með eftir að Fjármálaeftirlitið taki til rannsóknar hvort höfnun F á endurgreiðslu ofgreidds láns míns til bankans standist lög. Fyrir liggur að ég ofgreiddi bankanum kr. 175.535,- vegna gengistryggðs bílaláns sem ég tók. Með tölvupósti, dags. 29. október sl., neitaði bankinn að greiða mér þá fjárhæð, annars vegar með vísan til dóms Hæstaréttar 18. október 2012 í máli nr. 464/2012 og hins vegar með vísan til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3787/2012. Ég tel rökstuðning bankans fyrir höfnun kröfunnar ekki standast lög og óska eftir því að Fjármálaeftirlitið taki málið til athugunar.“

IV.

Athugasemdir varnaraðila F.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um að fá greiddar kr. 175.535 verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðila hafi verið synjað um greiðslu á fjárhæð kr. 175.535, enda hafi honum verið greidd upphæðin þann 14. mars 2013.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi sent honum erindi, dags. 28. október 2013, þar sem hann krefjist greiðslu á kr. 175.535. Í tölvupósti, dags. 29. október 2013, hafi starfsmaður bankans gert sóknaraðila grein fyrir afstöðu bankans varðandi leiðréttingu á endurreikningi með tilvísun til dóma Hæstaréttar. Eftir að hafa skoðað svar bankans að nýju þá telur varnaraðili að þessir dómur komi ekki í veg fyrir leiðréttingu á útreikningi lánsins og verði það gert við fyrsta tækifæri og niðurstaða send sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Í kvörtun sóknaraðila kom fram að hann hefði ofgreitt varnaraðila kr. 175.535 vegna láns síns hjá FF. Virðist af kvörtun sóknaraðila verða ráðið að hann krefjist þess að varnaraðili endurgreiði sér umrædda ofgreiðslu.

Varnaraðili endurgreiddi sóknaraðila kr. 175.535 þann 14. mars 2013. Verður í því ljósi ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu kr. 175.535, enda hefur varnaraðili þegar greitt sóknaraðila umrædda ofgreiðslu. Af gögnum málsins má ráða að bæði varnaraðili og sóknaraðili telji hugsanlegt að sóknaraðili eigi rétt til frekari endurgreiðslna, en ekkert liggur fyrir um í hverju ágreiningur þeirra liggur eða hvort hann er yfirleitt fyrir hendi. Er við svo búid útilokað að fjalla um þessar frekari endurgreiðslukröfur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 9. maí 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir